

Atvinnublaðið

Morgunblaðið mbl.is FINNAQ

atvinna@mbl.is • Sölufulltrúi • Berglind Guðrún Bergmann, berglindb@mbl.is, 569 1246

Fiskvinnsla Samherja á Dalvík

Samherji leitar að starfsmanni í viðhaldsdeild á Dalvík



Starfssvið

Alhliða viðhald og rekstur á vélbúnaði, auk þróunar á nýjum lausnum.

Menntun

Iðn- og eða tæknimenntun sem nýtist í starfi.

Reynsla

Reynsla af viðhaldi og rekstri raf- og vélbúnaðar.

Góð tölvukunnátta nauðsynleg.

Annað

Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð.

Enskukunnátta æskileg.

Nánari upplýsingar veitir Atli Dagsson, tæknistjóri landvinnslu Samherja í síma 560-9000.

Vinsamlega skilið skriflegum umsóknunum til Önnu Maríu Kristinsdóttur, mannauðsstjóra Samherja ehf., Glerárgötu 30, 600 Akureyri eða með tölvupósti á netfangið anna@samherji.is

Samherji er eitt öflugasta sjávarútvegsfyrirtæki landsins. Samherji hefur á að skipa hæfu og framtakssömu starfsfólki og stjórnendum, öflugum skipaflota og fullkomnum fiskvinnslum.

Samherji hefur á undanförunum árum byggt upp tvær af fullkomnustu fiskvinnslum landsins í Eyjafirði. Við leitum að metnaðarfullum einstaklingi sem er tilbúinn að takast á við áskoranir í heimi sjálfvirkni og tækniframfara.



SAMHERJI
ICE FRESH SEAFOOD

Laus störf hjá Vegagerðinni

Verkefnastjóri gæðamála

Verkefnastjóri leiðir gæðamál Vegagerðarinnar og stýrir áframhaldandi þróun í samráði við forstöðumann umbóta. Verkefnastjóri gæðamála starfar þvert á svið og svæði, veitir ráðgjöf í gæðamálum og tryggir viðeigandi samráð og upplýsingagjöf.

- Umsjón með gæðakerfi Vegagerðarinnar, viðhaldi og vottunum
- Skipulag á innri úttektum
- Vinna að því að verklag og ferlar Vegagerðarinnar séu skilvirkir

Verkefnastjóri á framkvæmdadeild

Starf verkefnastjóra á framkvæmdadeild felst í verkefnastjórn stórra verka í nýbyggingu og viðhaldi samgöngumannvirkja. Verkefnastjóri vinnur einnig að gæða- og umbótastarfi innan deildarinnar í samráði við forstöðumann.

- Stjórnun viðhalds- og nýframkvæmda þ.m.t. gerð áætlana, útboðs- og verklýsinga
- Fjárhagslegt og tæknilegt eftirlit
- Uppgjör verka og gerð skilamata

Umsóknarfrestur er til og með 23.09.2024. Nánari upplýsingar á vegagerdin.is/storf



Viltu stuðla að vandaðri lagasetningu og virku þingeftirliti?

Skrifstofa Alþingis leitar að öflugum lögfræðingi í nefndadeild. Lögfræðingar starfa fyrir fastanefndir þingsins, í hringiðu stjórnmalanna. Þau veita lögfræðilega ráðgjöf og sjá um faglega yfirferð mála sem koma til meðferðar hjá fastanefndum. Verkefnin eru fjölbreytt, krefjandi og skemmtileg.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Lögfræðileg ráðgjöf og fagleg aðstoð við fastanefndir og þingmenn
- Yfirferð lagafrumvarpa og annarra þingmála
- Gerð lögskýringargagna, svo sem nefndarálita og breytingartillagna
- Skipulagning og umsjón með starfi fastanefnda, m.a. samskipti við stjórnvöld og aðila utan þings
- Önnur lögfræðileg verkefni fyrir skrifstofu Alþingis

Hæfniskröfur

- Embættis- eða meistaraþróf í lögfræði
- Mjög góð þekking á stjórnskipunarrétti, stjórnáhrifum og Evrópurétti
- Reynsla úr opinberri stjórnsýslu eða af sambærilegu starfi
- Reynsla af gerð lagafrumvarpa eða aðkoma að lagasetningarferlinu er kostur
- Frumkvæði, sjálfstæði og skipulagshæfni
- Faglegur metnaður, jákvæðni og framúrskarandi samskiptahæfni
- Mjög gott vald á íslensku og ensku og færni til að tjá sig í ræðu og riti

Umsóknarfrestur er til og með 18.09.2024. Sjá nánar um starfið á heimasíðu Alþingis, Starfatorgi og Alfreð.

Frekari upplýsingar veitir: Elín Ósk Helgadóttir, deildarstjóri nefndadeildar, s. 563 0500, elin.o.helgadottir@althingi.is

FAGMENNSKA | VIRÐING | FRAMSKRANING





Starf verkefnisstjóra samgöngu- áætlunar hjá innviðaráðuneytinu

Innviðaráðuneytið leitar að metnaðarfullum og drífandi einstaklingi sem hefur áhuga á innviðaupbyggingu samfélagsins. Starfið heyrir undir skrifstofu samgangna. Umsóknarfrestur hefur verið framlengdur

Helstu verkefni og ábyrgð

Helstu verkefni lúta að vinnu við stefnumótun og áætlanagerð, verkefnisstjórnun samgönguáætlunar og greiningarvinnu.

Hæfniskröfur

- Háskólamenntun á framhaldsstigi sem nýtist í starfi.
- Víðtæk þekking og reynsla af samgöngumálum.
- Árangursrík reynsla af verkefnisstjórnun.
- Árangursrík reynsla af stefnumótun og áætlanagerð.
- Mjög góð greiningarhæfni og reynsla af framsetningu gagna.
- Gott vald á íslensku og ensku.
- Kunnátta í einu Norðurlandtungumáli kostur.
- Skipulagsfærni, sveigjanleiki, frumkvæði, drifkraftur og jákvæðni.
- Mjög góð hæfni í mannlegum samskiptum.

Ráðuneytið hvetur alla hæfa einstaklinga til að sækja um, óháð kyni. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Umsókn skal skila rafrænt á starfatorg.is. Umsókn skal fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem er gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og hæfni viðkomandi til að gegna starfinu. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir. Starfshlutfall er 100%

Umsóknarfrestur er til og með **19.09.2024**

Frekari upplýsingar um starfið veitir
Árni Freyr Stefánsson, skrifstofustjóri
arni.f.stefansson@irn.is eða 545-8200.

Stjórnarráð Íslands
Innviðaráðuneytið

Við leiðum fólk saman



HAGVANGUR

Sérfræðingur í starfi með ungmönnum og upplýsingamiðlun



Umboðsmaður barna leitar að öflugum og metnaðarfullum starfsmanni með þekkingu og brennandi áhuga á réttindum barna til starfa á skrifstofu embættisins. Starfið felst í því að halda utan um ungmennastarf embættisins, viðburði, heimasíðu og fræðsluefni auk annarra verkefna. Um er að ræða lifandi og krefjandi starf í fjölbreyttu starfsumhverfi.

Embætti umboðsmanns barna starfar samkvæmt lögum um umboðsmann barna nr. 83/1994. Embættið vinnur að því að tekið sé fullt tillit til réttinda, þarfa og hagsmuna barna. Embættið setur fram ábendingar og tillögur um úrbætur sem snerta hag barna á öllum sviðum samfélagsins. Umboðsmaður barna skal í störfum sínum leitast við að hafa virkt samráð við börn og hafa hóp barna sér til ráðgjafar um þau málefni sem snúa að börnum í íslensku samfélagi.

Helstu verkefni og ábyrgð

Eitt megin verkefni starfsmannsins er að hafa umsjón með starfi ráðgjafarhóps umboðsmanns barna og starfi Barna- og ungmennaráðs heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna. Starfið felst í að skipuleggja fundi hópanna og halda utan um starf þeirra. Starfsmaðurinn mun einnig halda utan um upplýsingagjöf á heimasíðu embættisins og samfélagsmiðlum, aðstoða við skipulagningu viðburða eins og barnaþings og taka þátt í kynningum á réttindum barna í skólum. Einnig tekur embættið þátt í fjölbreyttu alþjóðlegu samstarfi sem líklegt er að starfsmaðurinn þurfi að hafa aðkomu að. Þá mun starfsmaðurinn einnig svara erindum sem berast til embættisins eins og þurfa þykir.

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf 1. nóvember og verður ráðið til eins árs með möguleika á framlengingu.

Starfshlutfall verður 100%. Í boði er fjölbreytt og líflegt starf þar sem reynir á mikla samskiptahæfni, skipulagshæfileika og sveigjanleika sem litið verður til við ráðningu.

Hæfniskröfur

- Menntun sem nýtist í starfi er skilyrði
- Víðtæk reynsla af starfi með börnum og ungmönnum er skilyrði
- Þekking á réttindum barna, Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna er skilyrði
- Reynsla og innsýn í stöðu barna í íslensku samfélagi og fagleg þekking á málaflokknum er kostur
- Samskipta- og miðlunaræfni, frumkvæði og skapandi hugsun
- Góð tölvukunnátta og staðgóð þekking og færni í notkun samfélagmiðla
- Skipulagsfærni, sveigjanleiki og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Góð íslensku- og enskukunnátta og færni til að tjá sig í ræðu og riti. Kunnátta í norðurlandamáli er kostur
- Hreint sakavottorð

Fulltrúar barna munu vera umboðsmanni barna til ráðgjafar við ráðningu.

Frekari upplýsingar um starfið

Umsókn fylgi náms- og starfsferilskrá og verður öllum umsóknum svarað. Umsóknarfrestur er til og með 10. október n.k. Umboðsmaður barna hvetur alla til að sækja um, óháð kyni. Nánari upplýsingar á skrifstofu umboðsmanns barna í síma 552-8999 eða ub@barn.is

Nánari upplýsingar veitir

Hafdís Una Guðnýjardóttir, hafdís.una.gudnyjardottir@barn.is

Atvinna

Fáðu meira út úr þinni
atvinnuauglýsingu!



Atvinnublað Morgunblaðsins kemur út **tvisvar í viku**. Á fimmtudögum í aldreifingu og í laugardagsblaðinu.

Þær birtast líka á atvinnuvef **mbl.is** og á **finna.is**. Aðeins er greitt eitt verð.

Fjórir snertifletir – eitt verð!

1

Morgunblaðið
fimmtudaga

2

Morgunblaðið
laugardaga

3

mbl.is
atvinna

4

finna.is
atvinna

110.000 manns, á aldrinum 18 til 80 ára, sjá Atvinnublað Morgunblaðsins í viku hverri (fimmtudag og laugardag).*

Mbl.is er með **2,2 milljón** flettinga á dag og **15,4 milljón** flettinga á viku.**

*Prentmiðlakönnun Gallup Q2 2023
**Topplisti Gallup í ágúst 2023



Morgunblaðið **mbl.is** FINNAQ

GRÍMSNES- OG GRAFNINGSHREPPUR

HEILSU- OG TÓMSTUNDAFULLTRÚÍ



Grímsnes- og Grafningshreppur óskar eftir að ráða heilsu- og tómstundafulltrúa í 100% starf.

Leitað er eftir öflugum og jákvæðum einstaklingi sem er tilbúinn að takast á við fjölbreytt og krefjandi starf í samfélagi í miklum vexti.

Heilsu- og tómstundafulltrúi ber ábyrgð á tómstundamálum sveitarfélagsins og hefur forystu um verkefnið Heilsueflandi samfélag á vegum sveitarfélagsins. Hann annast einnig stefnumörkun, þekkingaröflun, þekkingarmiðlun og þróunarstarf í heilsu- og tómstundatengdum verkefnum.

Helstu verkefni:

- Þróun, skipulag, stefnumótun og samræming heilsu- og tómstundamála sveitarfélagsins.
- Starfsmaður Ungmennaráðs Grímsnes- og Grafningshrepps, frístundaklúbbs og félagsmiðstöðvarinnar Zetor.
- Verkefnastjórn vegna heilsueflandi samfélags.
- Umsjón með starfi eldri borgara og samráðshópi um málefni eldri borgara.
- Samskipti, samráð og upplýsingagjöf er varða starf við börn, ungmenni og foreldra.
- Hefur umsjón með og samræmir forvarnarstarf, einkum er snýr að börnum og ungmennum.
- Hefur frumkvæði að samskiptum og aðgerðum til að efla tómstundamál og heilsueflandi verkefni í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Hæfniskröfur:

- Framúrskarandi samskipta-hæfni.
- Góðir leiðtoga-hæfileikar.
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi.
- Reynsla af tómstundastarfi.
- Reynsla af starfi með börnum og/eða unglingum.
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri.
- Stundvísi og reglusemi.
- Sjálfstæð vinnubrögð.
- Góð íslenskukunnátta.
- Reynsla og þekking á stjórnsýslu sveitarfélaga kostur.
- Hreint sakavottorð.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga við hlutaðeigandi stéttarfélag.

Umsóknarfrestur er til og með 23. september 2024.

Sveitarfélagið hvetur öll kyn til þess að sækja um, frekari fyrirspurnir og umsóknir skal senda á sveitarstjóri@gogg.is.

Umsókn skal fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.



RÁÐGJÖF
RÁÐNINGAR
RANNSÓKNIR

intellecta

Síðumúla 5 • 108 Reykjavík • 511 1225 • intellecta.is



Viltu slást í hópinn og taka þátt í uppbyggingu stofnunarinnar?

Heilbrigðisstofnun Suðurnesja (HSS) veitir íbúum Suðurnesja fyrsta- og annars stigs heilbrigðisþjónustu. Á HSS eru þrjú svið; heilsugæslusvið, sjúkrasvið og hjúkrunarsvið. Framundan er viðtæk uppbygging á stofnuninni, endurskoðun á þjónustuferlum sem og stefnu stofnunarinnar byggðri á Heilbrigðisstefnu til ársins 2030.

Leitað er eftir áhugasömum einstaklingum með frumkvæði, faglegan metnað og jákvætt hugarfar til að taka þátt í uppbyggingu stofnunarinnar. Á HSS er lögð áhersla á góða samvinnu, stuttar boðleiðir og góðan starfsanda.

Um er að ræða eftirfarandi störf:

- Hjúkrunarfræðingar á heilsugæslu, slysa- og bráðamóttöku, sjúkra- og hjúkrunardeild
- Lífefndafræðingar
- Ljósmyndir
- Málastjóri í geðheilsuteymi
- Sjúkraliðar á sjúkra- og hjúkrunardeild og rannsókn

Kynntu þér málið hér: www.hss.is/laus-storf



HERJÓLFUR FRAMKVÆMDASTJÓRI

Stjórn Herjólfur OHF. auglýsir starf framkvæmdastjóra laust til umsóknar. Framkvæmdastjóri hefur umsjón með stjórnun og rekstri félagsins í samvinnu við stjórn Herjólfur OHF.

Menntunar og hæfniskröfur:

- Menntun og færni sem nýtist í starfi.
- Reynsla af framkvæmdastjórn og rekstri æskileg.
- Leiðtoga og samskiptahæfni, jákvæðni og lipurð í mannlegum samskiptum.
- Góð íslensku og ensku kunnátta og færni til að tjá sig í ræðu og riti.
- Frumkvæði, skipulögð vinnubrögð og lausnamiðuð hugsun.

Helstu verkefni:

- Dagleg stjórnun og rekstur félagsins.
- Ábyrgð á fjármálum, áætlunum og eftirfylgni.
- Stefnumótun og markmiðasetning í samráði við stjórn.
- Samskipti og samstarf við hagsmunaaðila.

Nánari upplýsingar veitir Páll Scheving Ingvarsson stjórnarformaður, í síma 8920225 eða á netfanginu stjorn@herjolfur.is. Umsókn ásamt kynningarbréfi og starfsferilskrá skal skilað á netfangið stjorn@herjolfur.is og merkja "Framkvæmdastjóri Herjólfur OHF".

Farið verður með umsóknir sem trúnaðarmál. Öllum umsóknum verður svarað.

Umsóknarfrestur er til og með 25. september 2024.
Stjórn Herjólfur

Pantaðu pláss fyrir þína atvinnuauglýsingu á
atvinna@mbl.is
Morgunblaðið

Smáauglýsingar

Ýmislegt

Sálarrannsóknarfélag Reykjavíkur

Síðumúla 31
588 6060 og 894 4014

Félagið býður uppá miðilseinkatíma fyrir félagsmenn og aðra. Ennfremur ráðgjöf um næmni og hugsanlega miðilshæfileika, söfnun dulrænna reynslusaga, ásókn o.fl. o.fl.

Hjá félaginu starfar m.a. Þórhallur Guðmundsson miðill. - Einnig er möguleiki á að fá einkatíma í gegnum síma hvert á land sem er, sem og erlendis.

Svörum í síma frá kl. 13-18 flesta daga ársins

SRFR.

Sumarhús



Sumarhús – Heilsárshús Gestahús – Breytingar

- Framleiðum stórglæsileg sumarhús/heilsárshús í ýmsum stærðum.
- Tökum að okkur stækkun og breytingar á eldri húsum.
- Smíðum gestahús – margar útfærslur.
- Sjáum um almennt viðhald á sumarhúsum og sólpöllum.
- Setjum niður heita potta og smíðum palla og skjólveggi.

Áratugareynsla – endilega kynnið ykkur málið.
Trésmíðja Heimis, Þorlákshöfn, sími 892-3742 og 483-3693, www.tresmidjan.is

Húsviðhald

Húsviðgerðir www.husco.is

Sími 555 1947
Gsm 894 0217

FLÍSALAGNIR - MÚRVERK FLOTUN - SANDSPARSL MÁLUN - TRÉVERK

Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum

Tímavinna eða tilboð

**Strúctor byggingaþjónusta ehf.
S. 893 6994**

Byggingavörur



Steypumót
717 fermetrar af Hunnebeck steypumótum til sölu með fylgihlutum c.a. 70%.
Mótin eru 3 metra há.
jarnavirkid@gmail.com

Óska eftir

Óska eftir hákarli af frystiskipum og líka ferskan hákarl

Upplýsingar í síma 897-9415
G. Sigurður Jóhannesson
hakarli@simnet.is

Smáauglýsingar

Veidi

HEIMAVÍK



Tveir góðir úr nýju netunum

Sjöbleikjunet - Silunganet

Nýtt - Nýtt

Fyrirdráttarnætur fyrir veiðiréttthafa

fanga fisk í klak og eldisfisk

Bólfæri - Netpokar o.fl.

Sendum um allt land

Þekking - Reynsla - Gæði

HEIMAVÍK EHF
heimavik.is
s. 892 8655

Bílar



Kia Rio Diesel 2/2017.
Ekinn aðeins 99 þús. km. Snyrtilegur eidslu grannur bíll á lagu verði. Góð þjónustusaga. **Verð: 1.590.000,-**
En ef þú kemur í kvelli með 1.4 þá keyrir þú burt!



www.sparibill.is
Hátúni 6 A – sími 577 3344
Opíð kl. 10-18 virka daga

Garðar

SLÁTTUVÉLAVIDGERÐIR & SMÁVÉLAVIDGERÐIR

Öll almenn járnsmíði - Sláttuorf
Sláttuorkarar - Dætur -
Jardvegspjöppur Rafstöðvar -
Kerrusmíði - Sláttuorf
Keðjusagir - Hekklippur

Aratuga reynsla í viðgerðum á smávélum



SLÁTTUVÉLAPJÓNUSTA

Vélaverkstæði JS

Sími: 554 0661

Skemmuvegur 34 - 200 Kópavogur
Netfang: velaverkjs@simnet.is
Símar: 554 0661 - 897 4996 - 699 2502

Til sölu

Bækur til sölu

Sjálfstætt fólk 1. útg. íbmk (Sigurbór), Bibí og blaka, álftrinar kvaka, ég læt sem ég sofi, en samt mun ég vaka, Útlínur bak við minnið SD, Sóleyjarsaga 1-2, Vögguvísa 1. og 2. útgáfa, Gammalt fólk og nýtt, Eftir óruttan leik, Spegln, Það var nú þá, Elías Mar, Sjöstarnan í meyjarmerkinu, Klettabelti fjallkonunnar, Stækkunargler undir smásjóni, Svafár, Myndir og ljóðabrot, Ljóð, Ljóð Vilundur V.G., Kvæði, Á Gnitheiði S.H., Stillur J.Th. 3/75 áritaði, Grímsvatnagrallari 1975, Ljóðmæli Matthíasar J. 1902 1-5, Upprisan Ó.G. 44/50 (Flóki), Blekking og þekking. Í húsinu okkar er þoka K.Ó., Þorpið 1. og 2. útg., Codex Runicus 1877 ób., Æviminningar Ólafs Sverrissonar 1997 1/50, Hellismannasaga Winnipeg 1889, Ísl.-rússnesk orðabók, Flateyjar-Freyr, Við sundin blá 2. útg. ób., Gerska ævintýrið 1. útg. ób. ós., Landnámabók Íslands 1925 Dk., Íslensk fornkvæði F.J. 1914, 101 hringhenda RÓ.S.N., Blandaðir ávextir U.J., Harðfiskur og skyr, Undir miðbæturól, Íslenskur aðall, Í Unuhúsi 1962 ób. ós., Matur og drykkur H.S., Kötluagosíð 1918, Rit um jarðelda á Íslandi 1. og 2. útg., Jarðskjálftar á Suðurlandi, Illgresi 1. útg. 1934, Njóna 1884 3. útg., Kvæði og kvíðlingar 1888 H.J., Kvæði Be.Gr., Sögur og kvæði E.B. 1897, Fingrarím 1838, Misjafn saudur í mörgu fé, E.Ó. 1899, Kirkjan á hafsbotni, Í austurvegi, Hliðin á sléttunni, Draumurinn, Ásta, Visur Puru í Garði.

Uppl. í síma 898 9475



HÖFÐABÍLAR

... þar sem bílar seljast



Sá stærsti og flottasti LAND ROVER RANGE ROVER HSE P460.

Nýskráning 4/2024. Akstur 4 þ. km. Bensín/Rafmagn. Sjálfskipting 8 girar. Rafmagnskrókur, headupdisplay, ofl. ofl.

Verð 29.500.000. Raðnúmer 530461.



LAND ROVER RANGE ROVER SPORT SE DYNAMIC P460E

Nýskráning 1/2024. Akstur 300 km. (nýtt). Bensín/Rafmagn. Sjálfskipting 8 girar. Umboðsbíll frá BL. 5 ára ábyrgð. Rafmagns dráttarkrókur. Soft close.

Panorama opnanlegt glerþak.
Flott verð kr. 23.900.000.
Raðnúmer 925573.



Sjón er sögu ríkari PORSCHE CAYENNE E-HYBRID COUPE PLATINUM EDITION.

Nýskráning 12/2022. Akstur 14.000 km. Bensín/Rafmagn. Sjálfskipting 8 girar. Soft close doors. Rafmagns dráttarkrókur. Comfort Seats. Loftþúfaþjórur.

Verð kr. 16.750.000.
Raðnúmer 718515.



Sá allra öflugasti BMW XM 653 HESTÖFL.

Nýskráning 7/2024. Akstur 800 km. (nýtt). Bensín/Rafmagn. Sjálfskipting 8 girar. Hiti og kæling í glasahaldara, alcantatra toppur.

Verð kr. 29.900.000.
Raðnúmer 616498.

Nánari upplýsingar veittar í síma 577-4747
Fosshálsi 27, Draghálsmegin

mbl.is

Við erum í liði með Póstdreifingu

8 vikna verkefni hjá Póstdreifingu er frábær fjáröflunarleið fyrir þitt íþróttalið.

Krakkarnir bera út einu sinni í viku og hvert skipti tekur yfirleitt innan við klukkustund. Þannig efla þau liðsheildina með samvinnu og fá góða hreyfingu að auki.

Markviss, skemmtileg og árangursrík leið til þess að safna peningum.

Hver hópur safnaði á bilinu
300.000–850.000
krónum á 8 vikum



**Skráðu
þinn hóp**



 **Póstdreifing**